



Framkvæmda- fréttir

3. tbl. /05



Þessi mynd er tekin á Tjörnesi og horft til suðurs í átt að Húsavík. Gilið heitir Skeifárgil og er sunnan við bæinn Ytri-Tungu á Tjörnesi. Veginn gerði Suðurverk árið 2000. Fjallið hægramegin á myndinni er Húsavíkurfjall og fjallið vinstramegin heitir Krubbsfjall. Myndin er tekin 28. október 2004.

Gæðakröfur í framkvæmdum Vegagerðarinnar

Vegagerðin mun standa fyrir fundi um gæðamál fimmtudaginn 10. mars nk.

Vonast er eftir þátttöku verktaka og ráðgjafa sem sjá um framkvæmdir og eftirlit fyrir Vegagerðina. Einnig verða á fundinum eftirlitsmenn og umsjónarmenn Vegagerðarinnar. Aðrir starfsmenn Vegagerðarinnar sem koma að framkvæmdum eru velkomnir á fundinn.

Fundarstaður er Grand hótél í Reykjavík, fundartími 10:00-12:00.

Kaffi og meðlæti verður veitt frá 09:00-10:00.

Dagskráin verður auglýst nánar í þessu blaði þegar nær dregur fundinum.

Væntanlegir þátttakendur eru beðnir um að merkja við þennan morgun í dagbókum sínum.

Auglýsingar útboða

Ferjuleið

Vigur - Æðey 2005 – 2010 05-001

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í rekstur á ferjuleiðinni Ísafjörður-Vigur-Æðey, þ.e. að annast flutninga á farþegum og vörum með ferju. Verktaki skal leggja til skip í samræmi við útboðsgögn.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni Dagverðardal á Ísafirði og Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka) frá og með mánudeginum 31. janúar 2005. Verð útboðsgagna er 2.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 þriðjudaginn 15. febrúar 2005 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.

Framkvæmdafréttir Vegagerðarinnar 3. tbl. 13. árg. nr. 392 31. janúar 2005

Ritstjórn
og umsjón útgáfu:
**Viktor Arnar
Ingólfsson**
Ábyrgðarmaður:
Gunnar Gunnarsson
Prentun: **Gutenberg**

Ósk um áskrift sendist til:
Vegagerðin
Framkvæmdafréttir
Borgartúni 7
105 Reykjavík
(bréfsími 522 1109)
eða vai@vegag.is

Vegagerðin gefur út Framkvæmdafréttir til að kynna útboðsframkvæmdir fyrir verktökum. Fyrirhuguð útboð eru kynnt, útboðsauglýsingar eru birtar og greint er frá niðurstöðum og samningum. Auk þess er í blaðinu annað það fréttafni sem verður til hjá stofnuninni og talið er að eigi erindi til verktaka. Áskrifendur eru m.a. verktakar, verkfræðistofur og fjölmiðlar. Áskrift er endurgjaldslaus.



Við undirritun sammingsins. Frá vinstri: Björn Ólafsson og Rögnvaldur Jónsson frá Vegagerðinni, Bjarki Brynjarsson og Ingunn Sæmundsdóttir frá Tækniháskóla Íslands.

Símenntun Vegagerðarinnar, samið við Tækniháskóla Íslands

Þann 29. desember sl. var undirritaður samningur sem Vegagerðin og Tækniháskóli Íslands hafa gert með sér um símenntun starfsmanna Vegagerðarinnar.

Samningur þessi er rammasamningur til þriggja ára þar sem gert er ráð fyrir að haldin verði a.m.k. þrjú símenntunarnámskeið á ári.

Vegagerðin og Tækniháskólinn munu vinna saman að útfærslu námskeiðanna, ákveða innihald, námsefni og framkvæmd kennslu. Þá geta starfsmenn Vegagerðarinnar setið námskeið í reglubundnu námi við Tækniháskólann og þannig fengið aðgang að formlegu námi í tæknifræði og iðnfræði.

Tækniháskólinn mun sjá um skipulag og framkvæmd fræðslustarfs. Þar með talið er skráning þátttakenda, dag-skrárgerð, námsefnisgerð, kennsla, húsnæði, búnaður og umsjón. Að auki mun Vegagerðin fá aðgang að rafrænu kennsluferfi Tækniháskólans.

Gert er ráð fyrir að nám geti verið bæði fjarnám og staðarnám. Námsleiðir verða sem hér segir:


1. Haldin verða símenntunarnámskeið fyrir starfsmenn á tilteknu fagsviði um fagtengd efni, þrisvar sinnum á ári eða oftar, hvert námskeið 1-5 dagar að lengd, námskeiðin yfirleitt sótt af 10-30 starfsmönnum í senn. Fyrirlesarar verða ýmist kennarar THÍ, starfsmenn Vegagerðarinnar eða aðrir. Námskeiðin verða almennt á háskólastigi og tilgreint fyrir hvert námskeið hvað það svari til margra eininga á háskólastigi. Námskeið fyrir tækni- og verkfræðinga verður almennt hægt að fá metin til eininga inn í nám í háskóladeildum THÍ. Allt námsefni verður vistað á kennsluvef.
2. Starfsmenn Vegagerðarinnar geta verið nemendur í staðarnámi í einstökum námskeiðum í byggingartæknifræði B.Sc. sem metin eru til eininga í námi á háskólastigi. Fyrirkomulag náms og námsframboð fyrir skólaárið

2005/2006 verður kynnt títanlega fyrir starfsmönnum Vegagerðarinnar.

3. Starfsmenn Vegagerðarinnar geta stundað fjarnám í byggingariðnfræði, hvort heldur einstök námskeið sem metin eru til eininga eða námið í heild. Námið er 45 einingar á háskólastigi og lýkur með diploma. Fyrirkomulag náms og námsframboð fyrir skólaárið 2005/2006 verður kynnt títanlega fyrir starfsmönnum Vegagerðarinnar.


Ný þjónustumerki

Vegagerðin hefur lagt til að tvö ný þjónustumerki verði tekin upp í umferðarmerkjareglugerð.



E09.15 Vöruhöfn

Merki þetta vísar á hafnarsvæði fyrir vöruflutninga.



E09.16 Fiskihöfn

Merki þetta vísar á hafnarsvæði þar sem fiskiskip landa afla sínum.

Leiðrétting

Í síðasta tölublaði var birtur listi yfir útboðsverk sem samið var um árið 2004. Því miður voru nokkrar villur í listanum sem urðu svo til þess að samtalsala er allt of há. Hér er listinn birtur að nýju með réttum tölum.

Útboðsverk 2004

Hér er birtur listi yfir útboðsverk sem samið var um árið 2004, raðað eftir verktökum í starfrósroð. Samningsfjárhæð er einnig birt.

Verktaki Verk	Tilboðsupphæð
Almenn verkfræðistofan hf.	
04-026 Nesbraut (49), færsla Hringbrautar, eftirlit	25.350.000
04-067 Hringvegur (1), Gljúfurá-Brekka 1. áfangi, eftirlit	6.598.500
Arnarfell ehf.	
04-073 Hjáleið á Reyðarfirði, brú og vegur	52.065.361
03-017 Norðfjarðarvegur (92), Sómastaðir - Hólmar og tenging að álvershöfn	56.648.850
Árni Helgason ehf.	
04-028 Klæðingar á Norðurlandi eystra 2004	35.137.000
Árni Pálsson	
03-096 Markarfljót, varnargarðar neðan Hringvegur	10.749.500
Dal-Björg ehf.	
03-095 Mjóafjarðarvegur (953) ofan Klifbrekku	19.474.900
Dodds ehf.	
04-054 Vetrarþjónusta á Vesturlandi 2004-2008 2. Snæfellsnesvegur, Útnesvegur-Vatnaleið	2.015.000
EB vélar ehf.	
04-054 Vetrarþjónusta á Vesturlandi 2004-2008 3. Snæfellsnesvegur/Vatnaleið	2.746.100
Fjölhönnun ehf.	
04-049 Reykjanessbraut (41), í Hafnarfirði, Álftanesvegur-Lækjargata, eftirlit	11.700.000
Fjölhönnun ehf. verkfræðistofa	
04-043 Hringvegur (1), Víkurvegur-Skarhólbraut, eftirlit	15.147.000
Fjörður ehf.	
04-011 Hegranesvegur (764), Sauðárkrókur - Helluland 2004 ..	9.875.100
Fossvélar ehf.	
04-033 Efnisvinnsla á Suðurlandi (Suðursvæði) 2004	25.730.000
Framrás ehf.	
04-030 Rauðarfallsvæðing 2004	2.379.000
04-068 Meðallandsvegur (204), Þykkvibær - Grenlækur	15.481.750
G. Hjálmarsson hf.	
04-017 Hlíðarfjallsvegur (837) um Hlíðarbraut, hringtorg	29.312.500
GeoTek ehf.	
03-098 Hringvegur (1), göng undir Almannaskarð, eftirlit	54.600.000
Græðir sf.	
04-047 Vetrarþjónusta, Djúpvæðing (61), Súðavík - Látur 2004-2007	3.998.000
04-040 Vetrarþjónusta Brjánslækur-Bíldudalur og bleyting í Barðastrandarsýslu 2004-2007	7.370.000
Háfell ehf., Eykt ehf.	
01-017 Nesbraut (49), færsla Hringbrautar	1.176.300.000
Héraðsverk ehf.	
04-066 Jökuldalsvegur (923) um Mjósund og Þverá	21.984.600
Héraðsverk ehf., Leonhard Nielsen og söner As	
03-064 Hringvegur (1), göng undir Almannaskarð	779.225.191
Hóll ehf.	
04-029 Mölbúrdur með maldardreifara á Norðurlandi eystra 2004	5.512.300
Hrafn Magnússon	
04-038 Grassláttur á Suðvestursvæði 2004-2005	2.592.740
Icefox ehf.	
04-042 Svalbarðseyrarvegur (830), vegamót við Hringveg	5.369.200
04-019 Brekkuselsvegur (8009), Böggvisbraut - Brekkusel	5.838.500
04-070 Eyjafjarðarbraut eystrri (829) um Möðruvelli	7.777.000
Ingileifur Jónsson ehf.	
04-025 Snjómokstur og hálkuvörn á suð-vesturhluta Suðursvæðis 2004 - 2009	20.070.000
Íslenskir aðalverktakar hf.	
04-053 Brú á Búðará í Reyðarfirði, niðurrekstrarstaurar	3.911.632
03-101 Arnarnesvegur (411) um Leirdal, 1. áfangi	166.545.252
Ístak hf.	
04-041 Reykjanessbraut (41) í Hafnarfirði, Álftanesvegur-Lækjargata	533.387.528
Jarðvélar ehf.	
04-039 Hringvegur (1), Víkurvegur-Skarhólbraut	575.898.335
Jóhann Guðlaugsson	
04-054 Vetrarþjónusta á Vesturlandi 2004-2008	1.494.000

Jörvi ehf.

04-048 Borgarfjarðarbraut (50) um Kleppjárnreyki, öryggisaðgerðir	2.500.000
04-002 Hálsasveitarvegur (518), Stóri-Ás - Húsafell	88.975.350
K N H ehf.	
04-023 Óshlíð, snjóflóðaskápar 2004 (samningsverk)	5.494.550
04-008 Vatnsnesvegur (711) um Hamarsá 2004	6.800.000
04-009 Vatnsdalsvegur (722), Hvammur - Steinkot 2004	18.771.500
03-010 Kjósarskarðsvegur (48), endurbýgging. II. áfangi	34.878.380
04-003 Hringvegur (1), Gljúfurá - Brekka, 1. áfangi	177.827.250
Klæðning ehf.	
04-046 Yfirlagnir á Suðvestursvæði 2004, klæðing	19.860.150
04-014 Klæðingar á Norðurlandi vestra og Vestfjörðum 2004 ..	43.381.388
Króksverk, ehf.	
04-005 Efnisvinnsla á Norðurlandi vestra 2004	34.620.000
Kubbur ehf.	
04-020 Drangsnævegur: Skáruklettanes - Fiskines	47.407.199
Línuhönnun hf.	
04-001 Arnarnesvegur (411) um Leirdal, eftirlit	5.265.000
03-100 Krínglumýrarbraut - Miklubraut, frumdrög og mat á umhverfisáhrifum	19.263.100
Loftorka Reykjavík ehf.	
04-045 Yfirlagnir á Suðvestursvæði 2004, malbik Útboðshluti 4 ..	7.744.000
04-045 Yfirlagnir á Suðvestursvæði 2004, malbik Útboðshluti 5 ..	14.517.000
04-045 Yfirlagnir á Suðvestursvæði 2004, malbik Útboðshluti 1 ..	87.787.400
Malarvinnslan hf.	
04-035 Yfirlagnir á Austurlandi 2004	39.440.484
Malbikunarstöðin Hlaðbær-Colas hf.	
04-045 Yfirlagnir á Suðvestursvæði 2004, malbik	16.916.750
04-031 Malbikun á Ísafirði 2004	32.226.850
04-045 Yfirlagnir á Suðvestursvæði 2004, malbik	39.337.000
04-031 Malbikun á Ísafirði 2004	75.108.350
Mikael ehf.	
04-051 Brú á Fjarðará í Siglufirði	17.884.140
04-055 Ólafsfjarðarvegur (82) um Hörgá - veghluti	21.104.003
03-091 Laugarvatnsvegur (37), brú á Brúará	37.575.680
03-033 Ólafsfjarðarvegur (82) um Hörgá	51.973.760
Nesey ehf.	
04-059 Þjórsárdalsvegur (32), Skeiðavegur - Stóra-Núpsvegur ..	9.068.800
Ravík ehf.	
04-054 Vetrarþjónusta á Vesturlandi 2004-2008 1. Snæfellsnesvegur/Útnesvegur	2.499.480
Rósaberg ehf.	
04-061 Hringvegur (1), hringtorg við Kirkjubæjarklaustur	21.690.950
Ræktunarsamband Flóa og Skeiða ehf.	
04-056 Kjalvegur (35), Þjónustumiðstöð - Háalda 2004	18.860.000
04-034 Yfirlagnir og styrkingar á Suðurlandi (Suðursvæði) 2004 ..	54.354.000
SE Verktakar ehf.	
04-010 Efríbýggðarvegur (751), Álfgeirsvellir - Skagafjarðarvegur 2004	12.464.850
Sel ehf.	
04-012 Landgræðsla á Norðurlandi vestra og Vestfjörðum 2004 - 2005	7.144.920
SG. vélar ehf.	
03-081 Hringvegur (1) um Össurá og Hlíðará í Lóni	14.257.900
Sigurjón Hjartarson	
04-065 Öndverðarnesvegur, Biskupstungnabraut - Golfskáli 2004	4.108.800
Sigurþór Pétur Þórisson	
04-022 Efnisvinnsla á Vestfjörðum 2004 Útboðshluti B	12.440.000
Stjórnuhlástur ehf.	
04-036 Brú á Viðidalsá hjá Kolugili - Sandhlástur og málnun	7.235.800
Tak - Malbik ehf.	
04-022 Efnisvinnsla á Vestfjörðum 2004, Útboðshluti C	22.907.000
04-022 Efnisvinnsla á Vestfjörðum 2004, Útboðshluti A	38.632.500
Vegmerking ehf., Vegamál ehf.	
04-015 Yfirborðsmerkingar, sprautuplast 2004 - 2005	108.888.610
Vegamenn ehf.	
04-013 Mölbúrdur með maldardreifara á Norðurlandi vestra 2004 - 2005	16.417.145
Verkfæðistofan Hnit hf.	
04-052 Loftmyndadata og stafrænn kortgrunnur 2004	4.858.949
03-014 Hringvegur (1), gatnamót við Nesbraut, hönnun	18.807.900
Vélgráfan ehf.	
04-075 Mástunguvegur (329), Gnúpverjavegur - Laxárdalur 2 ..	13.332.110
Víðimelsbræður ehf.	
04-037 Vetrarþjónusta, Sauðárkrókur-Blönduós-Sauðárkrókur, 2004-2007	11.686.500
Vökvaþjónusta Eypórs ehf.	
04-058 Vestfjarðavegur (60), brú á Laxá í Króksfirði, niðurrekstrarstaurar	6.114.920
04-069 Hvammsvegur (8984), Norðausturvegur (85) - Hvammur	7.850.200
Þróttur ehf.	
03-093 Grundartangavegur (506), Hringvegur - Hafnarsvæði ..	39.765.000
Samtals	5.092.330.457

Yfirlit yfir útboðsverk

Þessi listi er stöðugt til endurskoðunar og geta dagsetningar og annað breyst fyrirvaralaust. Það eru auglýsingar útboða sem gefa endanlegar upplýsingar.

Fremst í lista er númer útboðs í númerakerfi framkvæmdadeildar.

Rautt númer = nýtt á lista

Fyrirhuguð útboð	Auglýst: dagur, mánuður, ár
05-003 Reykjanesbraut (41), Laugarnesvegur-Dalbraut (færsla Sæbrautar)	05
05-004 Nesbraut (49), Miklabraut/Kringlumýrarbraut, breikkun ljósagatnamóta	05
05-006 Yfirlagnir á Suðvestursvæði, klæðing	05
05-002 Yfirlagnir á Suðvestursvæði, malbik	05
04-044 Hringvegur (1), hringtorg við Norðlingavað	05
03-009 Reykjanesbraut (41), Fíuhvamsvegur - Kaplakriki	05
03-092 Reykjanesbraut (41), Fíuhvamsvegur - Kaplakriki, eftirlit	05
04-006 Hringvegur (1) um Norðurárdal í Skagafirði	05
04-071 Auðsholtsgvegur (340), Skeiðavegur - Syðra Langholt	05
00-054 Hallsvegur (432), Fjallkonuvegur - Víkurvegur	05
04-072 Garðskagavegur (45) um Ósabotna	05
04-004 Útnesvegur (574), Gröf - Arnarstapi	05
Útboð sem hafa verið auglýst	Auglýst: Opnað:
05-001 Ferjuleið, Vigur-Æðey 2005-2010	31.01.05 15.02.05
03-084 Hringvegur (1), Svínahraun - Hveradalabrekka	10.01.05 01.02.05
Útboð á samningaborði	Auglýst: Opnað:
04-075 Suðurstrandarvegur (427), Hraun - Ísólfskáli	20.12.04 18.01.05
04-074 Hringvegur (1) um Blönduhlíð í Skagafirði, varnargarðar	29.11.04 14.12.04

Vistvegir

Í nóvember sl. kom út skýrsla sem Verkfræðistofa Sigurðar Thoroddsen gerði fyrir Vegagerðina um umferðaröryggisáðgerðir þar sem þjóðvegir liggja um þéttbýli. Skýrslan nefnist „Vistvegir“ og undirtitill er: „Leiðbeiningar um aðgerðir og aðferðafræði til að stuðla að lægri aksturshraða og auknu umferðaröryggi á þjóðvegum í þéttbýli“.

Skýrslan liggur á pdf formi á vef Vegagerðarinnar vegagerdin.is undir útgefið efni / umferðaröryggismál. Hér á eftir fer inngangur skýrslunnar örlítið breyttur.

Kynning

Víða um land þar sem þjóðvegir liggja um þéttbýli skapar umferð margsháttar vandamál vegna þess að umferðarmannvirkin eru ekki í stakk búin til þess að þjóna allri þeirri umferð bíla, gangandi og hjólandi sem þar fer um. Íbúar og vegfarendur eru allaf að verða meðvitaðri um þessi mál og kröfuvólks til umhverfis síns að aukast. Mikill áhugi hefur verið á því hjá bæði Vegagerðinni og einstökum sveitastjórnunum að taka á þeim vandamálum sem þjóðvegur í gegnum þéttbýli skapar.

Þessu leiðbeiningarriti er ætlað að kynna aðferðafræði við gerð vistvega (d.miljøprioriterede gennemfarter, e. traffic calming) þar sem þjóðvegur liggur í gegn um byggð.

Þar sem þjóðvegur liggur í gegn um byggð, mætir oft á

Ráðstefna um samgöngur

3. mars

Verkfræðingafélag Íslands og Tæknifræðingafélag Íslands standa fyrir ráðstefnu um samgöngur fimmtudaginn 3. mars 2005 á Grand hótél í Reykjavík.

Dagskrá fyrir hádegi: Hálandisvegir

Fjallað verður um hálandisvegi í víðu samhengi. Rætt verður um skipulag hálandisins og hálandisvegi framtíðarinnar. Sjónarmið ýmissa hagsmunahópa (s.s. ferðapjónustu, jeppafólks, almennings og náttúruverndar) munu koma fram og sérstaða hálandis Íslands skoðuð í alþjóðlegu samhengi.

Dagskrá eftir hádegi: Samgöngur á höfuðborgarsvæðinu

Fjallað verður um samgöngur á höfuðborgarsvæðinu frá nokkrum sjónarhornum.

Fyrirlesarar frá Danmörku og Bandaríkjunum skoða höfuðborgarsvæðið með hliðsjón af lausnum í þeirra löndum. Þá verður fjallað um breyttar áherslur í skipulagi og umferðarmálum og hugsanlegar framtíðarlausnir s.s. brýr og jarðgöng.

Fulltrúar ungu kynslóðarinnar munu koma með sín sjónarmið og almenningssamgöngur verða ræddar.

Undirbúningshópur



tíðum hröð gegnumstreymisumferð, rólegri innanbæjarumferð bíla, gangandi og hjólandi. Byggðin getur verið þéttbýli með 4.000 íbúa eða byggðakjarni 6-8 húsa, skóla, tjaldstæðis og sundlaugar.

Því meiri sem ökuhraðinn er, því meiri líkur eru á umferðaróhöppum og með meiri umferðarhraða eykst alvarleiki hvers óhapps. Þannig sýna rannsóknir mikla fylgni á milli minnkandi umferðarhraða og aukins umferðaröryggis. Með því að minnka umferðarhraðann er hægt að draga verulega úr fjölda og alvarleika óhappa.

Á vistvegum er lögð áhersla á öryggi gangandi vegfarenda og umferð akandi tafin til að sá gangandi upplifi umhverfi sitt öruggara. Markmiðið er að vegfarendur á leið í gegn um bæinn, upplifi breytingarnar á jákvæðan hátt og vegfarendur innan bæjarins verði fyrir sem minnstum truflunum vegna umferðar um þjóðveginn.

Á síðastliðnum áratug hefur verið unnið að því í Danmörku á vegum vegagerðarinnar þar að beita þessari aðferðafræði til að auka umferðaröryggi þar sem þjóðvegir liggja í gegn um byggð. Bætt hefur verið við þrengingum, hringtorgum, bæjarhlíðum, hjólastígum o.s.frv. Reynslan af þessum framkvæmdum hefur verið sú að aksturshraðinn hefur lækkað um 5-10 km/klst. og fækkun slysa með meiðslum hefur verið milli 40-65%.